

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD**



ALLAR  
PIZZUR AF MATSEÐLI  
**1.390 KR**  
Ef þú sækir, vikuna 19.-25. nóvember 2012



# MEGAVIKA

FIGON / SIA



[www.dominos.is](http://www.dominos.is)



sími 58 12345



domino's app





Ef þú öskrar í 8 ár, 7 mánuði og 6 daga þá hefur þú framleitt næga hljóðorku til að hita einn kaffibolla.



## DANÍEL Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 140985.  
Lag í upphaldi þessa stundina: Ho Hey með The Lumineers.  
Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun: Líklega bara hungrið.  
Fyndnasti maður heims: Ég verð að segja Jón Gnarr.  
Æskuátrúnaðargöð: Bubbi Morthens og Jim Carrey, eins undarleg blanda og það er.

HEFÐI VERIÐ BETUR VIÐ HÆFI  
AÐ VERA MÆÐ CORONA?

## MMM

### MONITOR MÆLIR MÆÐ...

#### NÆRINGARVÍSIR

Ert þú orðin/n þreytt/ur á að vita aldrei hvert þú átt að fara að snæða? Heimasíðan [wherethefuckshouldi-gotoeat.com](http://wherethefuckshouldi-gotoeat.com) hjálpar þér að leysa þann vanda. Eina sem þú þarft að gera er að vippra þér inn á síðuna, stimpla inn staðsetningu þína og heimasíðan leggur til veitingastaði sem þú gætir skellt þér á. Tékkaðu á þessu næst þegar garnirnar gaula!



#### NÆRING SÁLAR

Monitor mælir með því að lesendur smelli sér inn á [unicef.is](http://unicef.is) og skrái sem **Heimsoforeldrar UNICEF**. Með upphæð sem eflaust eru smápeningar í samanburði við meðalmán- aðarneyslu lesenda má hafa gífurleg áhrif til hins betra á líf bágstaddra barna í fjarlægum löndum. Margt smátt gerir eitt stórt.

#### NÆRING

Það er alltaf gott að fá sér gott snarl á tyllidögum. Monitor mælir með því að fólk smakki flögurnar **Pop Corners** sem fást úti í næstu matvöruhúð. Um er að ræða eins konar popp sem er hins vegar í laginu eins og kartöflu- eða maísflögur og því einstaklega hentugar til að dýfa í hvers kyns idýfu sem mann lystir í.



# Ber kórónuna í hinna sinn

**Daníel Geir Moritz** ber titilinn „fyndnasti maður landsins“ aðeins í um sólarhring til viðbótar því annað kvöld mun hann krýna arftaka sinn á *Spot*

„Eitt ár er mjög hæfilegt tímabil til að bera svona titil. Ég leit svo á að þegar ég vann þessa keppni væri ákveðinn kafli að byrja hjá mér og núna er ég bara mjög spenntur að sjá hvaða kafli tekur við,“ segir Daníel Geir Moritz sem ber titilinn „fyndnasti maður Íslands“ þangað til arftaki hans verður krýndur annað kvöld á *Spot* í Kópavogi. Daníel fer jafnframt með hlutverk kynnis á kvöldinu.

Aðspurður hvort sigurinn í fyrria hafi breytt lífi hans svaraði Daníel játandi eftir örlítið hik. „Ég var búinn að vera í uppstandi í nokkur ár á undan og svona, en eftir að ég vann keppnina fékk ég náttúrulega miklu meira að gera. Að vinna svona er keppni er eiginlega enginn sigur þannig séð, fyrst og fremst bara tækifæri. Ég ákvað að reyna að nýta þetta tækifæri vel, láta vita af mér úti um allt og hef í raun ekki þurft að vinna neina „venjulega vinnu“ síðan í apríl. Þetta breytti því líka að maður öðlaðist meiri trú á því sem maður var að gera. Þetta var algjör vítamínsprautu.“ Ásamt því að fást við uppstand starfar Daníel Geir sem útvarpsmaður á Rás 2 og stundar meistaranám í skapandi skrifum við Háskóla Íslands.

#### Konunglegur kynir keppinnar

Ýmsir myndu eflaust halda að það fylgdi því heljarinnar pressa að koma fram með titilinn „fyndnasti maður Íslands“ á bakinu en svo segir Daníel ekki endilega vera. „Ég var svo heppinn að kvöldið eftir að ég vann í fyrria átti ég að skemmta á einum stað, ég hafði sem sagt verið bókaður löngu áður en ég vann keppnina. Ég fór inn í það gígg bara „high on life“, án alls stress og gjörsamlega drullaði á mig. Ég var hræðilega undibúinn og hélt að þetta myndi koma sjálfkrafa en það gerðist ekki. Fyrir vikið kippti það mér beint niður á jörðina,“ segir Daníel og hlær.

Að lokum lék blaðamanni forvitni á að vita hvort fyndnasti maður landsins hafi verið gjarn á að láta á því bera með því að ganga um götur bæjarsins með kórónuna sem hann hlaut við útnefninguna í fyrria. „Nei, ég held að ég hafi bara aldrei gert það. Ég ætla samt að bera hana á föstudaginn. Ég verð einhvers konar konunglegur kynir keppinnar.“

Alls munu fimm grínistar keppa til úrslita í Fyndnasta manni Íslands annað kvöld og hefst keppnin kl. 20:30.

## FEITAST I BLAÐINU

**4** **Stíllinn** kíkta í heims-sókn í **9líf** sem er second-hand-búð í kjallaranum á **ATMO**.



**11** **Gillz** sem hefur lítillid spjallad við fjölmiðla undanfarið árið sagði: *Monitor* ýmislegt.



**18** **Selena Gomez** er hætt með *Justin Bieber*. En hver er þessi unga snót?



**20** **Hreimur Örn Heimisson** byrjaði að búa til plötuna sína fyrir átta árum.



## Efst í huga Monitor Prófin nálgast

Það styttist í jólaþróf og vonar Monitor að öllum gangi sem best. Hér eru ráð sem gætu komið að góðum notum.

**S**kipuleggðu þig. Búðu til dagbók þar sem þú skrifar inn það efni sem þú ætlar að klára á degi hverjum.

**M**innisspjöld. Það er virkilega sniðugt að skrifa allra mikilvægustu hugtökin á minnisspjöld. Þegar þú skrifar á þau festast hugtökin enn betur í kollinum og þegar þau eru klár ertu með glósupakka sem þú getur tekið hvert sem er.

**F**áðu hjálp. Ef þú ert í vandræðum er mikilvægt að fá hjálp áður en það er um seinan. Spurðu kennarann út í þá hluti sem þú ert að vandræðast með eða fáðu fjölskyldumeðlimi til að hlyða þér yfir það sem þú átt erfitt með að festa í kollinum.

**S**ofðu. Þú þarft að sofa í að minnsta kosti 7 tíma á sólarhring svo allt gangi upp. Próf eru gerð til að fá þig til að hugsa. Ef þú ert illa sofinn þá er erfðara að muna allt sem þú ert búinn að troða í hausinn á þér.

**MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri:** Jón Ragnar Jónsson ([jonragnar@monitor.is](mailto:jonragnar@monitor.is)) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson ([hilmar@monitor.is](mailto:hilmar@monitor.is))  
**Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson ([einar@monitor.is](mailto:einar@monitor.is)) Lís Hafliðadóttir ([lisa@monitor.is](mailto:lisa@monitor.is)) **Umbrot:** Monitorstaðir  
**Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs ([augl@mbl.is](mailto:augl@mbl.is)) **Forsíða:** Styrmir Kári ([styrmirkari@mbl.is](mailto:styrmirkari@mbl.is))  
**Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

## Vikan á facebook



**Brynjar Már**  
Var að koma úr sónar skoðun... Sást enginn hjartsláttur þar sem þetta var bara á vinstri öxlinni ;)

19. nóvember kl. 11:42



**Bubbi Morthens**  
Þegar ég vaknaði í morgun fanst mér ég vera reikistjarna

og væri um sporbaug tveggja sóla sem láu í rúmi minnu það var góð tilfinning.

19. nóvember kl. 11:24



**Gauti Þeyr**  
Um daginn dreymdi mig eitthvað rosalega skemmtilegt.

Hálfsófandi náði ég mér í penna og ætlaði að skrifa niður drauminn svo ég gæti munað eftir honum. Ég sofnaði aftur en vaknaði svo með þessi stikkorð á blaði hliðiná mér. *Koben hlgerð með erni o bdsn. Gml konur og rassahass. Smokkar. Viðreynsla. Ananas á hóteli yfir nóttina. Ingimar og heiti kötturinn. Ketlingur of minnkur.* Ég veit ekkert hvað þetta þýðir og ég veit ekkert hvað er að mér...

17. nóvember kl. 13:13



**Haukur Heiðar Hauksson**  
Heyrir í Monsters of Men í hátalarakerfinu í Universal skemmtigarðinum og fyllist stolti :-)

14. nóvember kl. 22:52

Við hugsum til ykkar,  
Monitor





9LÍF ER AÐ FINNA Í KJALLARA  
ATMO Á LAUGAVEGI 91



VERSLUNIN ER MEÐ FLOTT  
ÚRVAL AF SKÓM



FALLEGAR YFIRHAFNIR  
ERU FÁANLEGAR Í 9LÍF



VERSLUNIN BYÐUR EINNIG  
UPPÁ HERRAFATNAÐ



MYNDINA AF HILDI  
VERSLUNARSTJÓRA TÓK  
HANNA JÓNSDÓTTIR EN  
HÚN STARFAR EINNIG  
Í BÚÐINI.



HÉR ER KRISTÍN AÐSTOÐAR-  
VERSLUNARSTJÓRI ATMO Í  
GEGGJADRI KÁPU ÚR 9LÍF

Myndir/Styrmir: Kán

# Búa til verðmæti úr fjársjóðum RKÍ

Íslenska tísku- og hönnunarhúsið **ATMO** var opnað í síð-ustu viku við góðar undirtektir en þar selja 60 íslenskir hönnuðir afurðir sínar. **9Líf** er second-hand-búð í kjallara ATMO og er í samstarfi við Rauða krossinn. **Hildur Rósa Konráðsdóttir**, verslunarstjóri 9Líf ræddi um samstarfið, hvernig hugmyndin kviknaði og vöruúrvalið sem í boði er.

#### Hvað er 9LÍF?

9LÍF er ný second-hand-verslun með sérvaldar flukur í leit að nýjum eignum.

#### Segið okkur aðeins frá samstarfinu?

Í raun gengur samstarfið út á það að við höfum aðgang að gámunum sem berast Rauða krossinum en gríðarlegt magn af fatnaði berst til þeirra í hverjum mánuði og við vildum leggja okkar af mörkum til að hægt yrði að skapa enn meiri verðmæti úr þessum fatafjárjóðum. Ágóði sölunnar rennur svo að stærstum hluta beint til Rauða krossins.

#### Hvernig kviknaði hugmyndin að þessu samstarfi?

Þessi hugmynd er búin að vera á teikniborðinu mjög lengi. Á hönnunarmars núna fyrr á árinu prufukeyrðum við ATMO og þá tók Rauði krossinn þátt í þessari hugmynd með okkur og þannig byrjaði þetta í raun. Okkur fannst of mikið af fatnaði vera sent óflokkað úr landi og töldum að það væri hægt að búa til meiri verðmæti hér heima og um leið vera umhverfisvænni.

#### Eruð þið með eitthvað sérstakt í huga þegar þið veljið vörur fyrir verslunina?

Nei, við viljum hafa fjölbreytt vöruúrval en fótin sem við veljum þurfa helst að hafa karakter og sál. Einnig höfum við það oft bak við eyrað að leita að fatnaði úr góðum og langlífum efnum.

#### Hvernig er verðlagningin?

Mjög sanngjörn. Við erum með viðmiðunarverð frá Rauðakrossbúðunum en svo er kannski aðeins meiri kostnaður við það sem við erum að gera. Það er aðeins öðruvísi lagt á vörurnar hérna, enda öðruvísi fatnaður valinn, við erum búin að sortera betur úr vörnum og hér er þjónustan öðruvísi. Við erum með starfsfólk í vinnu, þetta er ekki



ÞESSI FLOTTI KJÓLL  
FÆST Í VERSLUNINI

sjálfboðavinna eins og í Rauða-krossbúðunum.

#### Hver er markhópurinn?

Það ættu flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ásamt því að vera með mikið úrval af fallegum kvenfötum erum við með herraföt og barnaföt. Einnig erum við með fylgihluti eins og höfuðföt, tösukur og margt fleira sniðugt.

#### Er verslunin hluti af Atmo?

Já verslunin er hluti af ATMO og því er sami opnunartími.


EVIL TWIN NÝ SENDING

Kíkið á okkur á [ntc.is](http://ntc.is) eða á [facebook](https://www.facebook.com)

**galleri sautján**  
Kringlunni | Smáralind



# BIBLÍSK GEIMÓPERA



ó i  
ú þ á í ð  
ó ö ð ú öð  
æ ý  
í





**SPARI**

KJÓLL – VERO MODA  
SKÓR – JEFFREY CAMPBELL  
HÁLSMEN – GINA TRICOT

**HVERSDAGS**

GALLABUXUR – H&M  
PEYSA – GINA TRICOT  
TASKA – ZARA  
SKÓR – NEW BALANCE/GS SKÓR  
HÁLSMEN – H&M TREND  
HRINGUR – DYRBERG|KERN

**ÚT Á LÍFIÐ**

BUXUR – ACNE  
BOLUR – KARAKTER  
JAKKI – H&M TREND  
SKÓR – JEFFREY CAMPBELL  
HÁLSMEN – MQ

Myndir/Styrmir Kári

# Gæði umfram magn

**Stíllinn** fékk viðskiptafræðineman og Hafnfirðinginn **Hildi Sif Sigurðardóttur** í heimsókn þessa vikuna. Hildur fylgist vel með straumum og stefnum tískunnar enda er það eitt helsta áhugamál hennar. Hér klæðir Hildur sig upp fyrir fjögur mismunandi tilefni.

**Hver er Hildur Sif?**

Hafnfirðingur, verzlingur og HR-ingur. Verðandi viðskiptafræðingur með skipulagsfíkni og gullfiskaminni. Fyrirverandi tískubloggari og verðandi Parísarbúi.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?**

Stíllinn minn er frekar einfaldur og klassískur. Ég er með sérstakan veikleika fyrir hálsmenum og jökkum þessa dagana. Ég vel mér fót sem eru flott, einföld og þægileg. Mitt mottó í fatakaupum er „Gæði umfram magn“. Ég kaupir mér frekar eina dýra flik heldur en nokkrar sem endast varla einn þvott.

**Hefur þú mikinn áhuga á tísku?**

Já, ég hef alltaf haft mjög mikinn áhuga á tísku. Myndi telja það sem eitt af mínum helstu áhugamálum. Ég fylgist vel með því sem er að gerast í tískuheiminum og ég elska að fylgjast með því hvernig fólk í kringum mig klæðir sig.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?**

Hérna heima versla ég mest í Zöru og Sautján. Ég elska kápurnar, jakkana og töskurnar í Zöru og í Sautján finn ég mín uppáhalds dönsku merki eins og Just Female, Modström og Samsø & Samsø. Annars finnst mér skemmtilegast að versla í Danmörku og þá fer ég helst í Weekday, Illum á strikinu og ACNE, fyrir basic hluti fer ég í H&M og Ginu Tricot. All Saints er líka alltaf í uppáhaldi og sá ég mikið eftir þeirri búð þegar hún hætti hér á Íslandi.

**Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?**

Mér finnst haustið langflottast. Ég er alveg sjúk í

yfirhafnir og elska að vera í mörgum lögum af fötum. Ég geng líka miklu meira í dökkum fötum heldur en miklum litum.

**Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnum fyrir veturinn?**

Fallega kápu, stóra tösku og leðurhanska!

**Hver hafa verið þín verstu tískumistökk?**

Ætli það hafi ekki verið í níunda bekk í grunnskóla þegar ég rakaði hárið af annari hliðinni og gekk um í munströðu maxíþíls og brúnum leðurjakka með stroffi. Hræðilegt!

**Hver er best klædda kona í heimi?**

Mér finnst Emmanuelle Alt, ritstjóri franska Vogue, einstaklega töff og hef sjaldan verið jafn starstruck og þegar ég sá hana á rölti í París. Verst að vinkonur mínar sem voru með mér vissu ekkert hver þetta var og skildu ekki afhverju ég var að fríka út!

**Hvað er skemmtilegt á döfninni hjá þér í vetur?**

Framundan er endalaus lærdómur og verkefnavinna þar til jólaþrófin taka við. Eftir áramót ætla ég svo að flytja til Parísar í hálf ár svo það eru mjög spennandi tímar framundan.

**Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig tattú myndir þú fá þér og hvar?**

Ég hef lengi ætlað að fá mér tattú en ég bara get ekki ákveðið hvar ég vil setja það. Mig langar að láta teikna upp fyrir mig eftir tattú sem pabbi minn er með á hendinni.

**SKÓLA/VINNU DRESS**

KÁPA – ZARA  
PEYSA – SAMSØ & SAMSØ/SAUTJÁN  
BOLUR – SAUTJÁN  
SKÓR – MONKI





PRANTWA • SIA • 12316

# Glænýr hádegismatseðill!

## Hádegistilboð

### 1 Jamaican Jerk Shrimp

Stökkar rækjur húðaðar með bragðmikilli Jerk-kryddblöndu. Toppað með fersku mangó-salsa og borið fram á hrísgrjónabeði. **1.490 kr.**

### 2 Mediterranean Shrimp Pasta

Steiktar rækjur bornar fram á linguini-pasta í pesto-sósu. Toppað með fersku tómát-bruschetta að hætti miðjarðarhafsþúa. **1.490 kr.**

### 3 Cajun Jambalaya Pasta

Rækjur, kjúklingur og bratwurst-pylsa steikt með lauk og papriku í sterkri Cajun-rjómasósu. **1.490 kr.**

### 4 Basil Pesto Chicken Sandwich

Kjúklingasamloka með pesto, goudaosti, rauð-lauk, jöklasalat, tómötum og sýrðum agúrkum. Borin fram í hamborgarabrauði og með frönskum kartöflum. **1.490 kr.**

### 5 Mangó kjúklingasalat

Grilluð kjúklingabringa með mangó, tómötum, papriku og lauk. Borin fram á fersku blönduðu salati með Ranch-sósu. **1.490 kr.**

### 6 Borgari dagsins

Sígildur 175 g hamborgari með frönskum kartöflum. Mismunandi frá degi til dags, spyrjið þjóninn ykkar. **1.490 kr.**

### 7 All-you-can-eat Salad Bar

Útbúðu þitt eigið salat úr besta fánlega græn-meti sem völ er á. Súpa dagsins fylgir. **1.190 kr.**







# Dansa til að gleyma

**10 atriði** eru komin áfram í undanúrslitabáttinn í annarri þáttaröð **Dans dans dans**. Það er því mikið í húfi á laugardaginn þegar keppendur dansa fyrir lífi sínu og reyna að heilla þjóðina en úrslitin eru sem fyrr í höndum áhorfenda. Það má því ekki klikka á því að kjósa sitt upphaldsatriði áfram.

RAGNHILDUR STEINUNN  
LÍMIR ÞÆTTINA SAMAN



## DENISE OG ÞORKELL

Þorkell Jónsson

**Aldur:** 18 ára.

**Staða:** Sitjandi.

**Reynsla af dansi:** Ég er búinn æfa samkvæmisdans frá 5 ára aldri og æfi hjá Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar. Ég hef unnið til nokkurra Íslands- og bikarmeistarátíla og farið margoft til útlanda að keppa.

**Dansstíll:** Samkvæmisdans.

**Upphaldsdansbíómynd:** You Got Served. Hlægillega léleg.

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Allt með Bleeding Hear. Síðan kemur Baby I'm Yours með Breakbot mér alltaf í stuð.

**Hví á fólk að kjósa mig:** Því þá vinn ég.

**Dans er:** List.



## ARNAR OG STEVE

Amar Ori Amarsson

**Aldur:** Tvítugur.

**Staða:** Ég er að vinna við að leggja ljósleiðara.

**Reynsla af dansi:** Ég hef dansað ansi lengi og prófað þónokkra stíla.

**Dansstíll:** Ég tileinka mér ekki neinn dansstíl heldur geri bara það sem kemur til mín.

**Upphaldsdansbíómynd:** Ég nenni sjaldnast að horfa á þannig myndir en ef ég væri að gera dansbíómynd þá myndi hún heita „Prakkarar.“

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Drink to get drunk með Sounder Van Boorn.

**Hví á fólk að kjósa okkur:** Af því að við höfum ótrúlega gaman af því sem við erum að gera og okkur langar að halda áfram að dansa.

**Dans er:** skemmtilegur.



## HELGA OG BIRKIR

Helga Kristín Ingólfsd.

**Aldur:** 16 ára

**Staða:** Á fyrsta ári í MH.

**Reynsla af dansi:** Samkvæmisdans 8 ára, ballett 12 ára og er nú á 1. ári í framhaldsdeild Listdansskóla Íslands.

**Dansstíll:** Til dæmis samkvæmisdans, ballett og nútímadans.

**Upphaldsdansbíómynd:** Við Birkir elskum Grease.

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** 50 Ways To Say Goodbye.

**Hví á fólk að kjósa okkur:** Því við þetta á gleðinni og dansatriðið okkar fær ykkur til að dilla ykkur í sætumunum.

**Dans er:** er okkur allt.

## ÞÓREY

Þórey Birgisdóttir

**Aldur:** 18 ára skvíza

**Staða:** Fyrsta position.

**Reynsla af dansi:** Ég held ég hafi fæðst dansandi, var þó sett í fimleika fyrst þegar ég var 3 ára og fór svo seinna meir í dansinn. Hef sýnt skrilljón sýningar og keppt líka bæði hérlandis og erlendis. Svo hef ég líka verið að taka þátt í leikhúsuppsetningum sem ég hef rosalega gaman af.

**Dansstíll:** dansa nútímadans í keppninni en æfi líka ballett, hef prófað flesta stíla nema reyndar samkvæmisdans, það gafst aldrei tími til þess að prófa þá grein. Upphaldsdansbíómynd: Mao's last dancer.

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Its raining men.

**Hví á fólk að kjósa mig:** Af því að mig langar til þess að komast áfram.

**Dans er:** listgrein sem gerir mig hamingjusama nema þegar ég byrja að missa táneglur eftir miklar æfingar á tásóm, eins og núna. Áts.



## SÓLVEIG STEINUNN

Sólveig Steinunn Pálsd.

**Aldur:** 22 ára.

**Staða:** 2:1 fyrir mér.

**Reynsla af dansi:** Aðallega Spice Girls-dansnámskeið hjá Jóa dans fyrir nokkrum árum, svo hef ég mikla reynslu sem áhorfandi á samkvæmisdanskeppnum en ég hef dansað með súlunni í 3 ár.

**Dansstíll:** Listdans á súlu.

**Upphaldsdansbíómynd:** Footloose klárlega.

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Don't Stop Believing með Journey.

**Hví á fólk að kjósa mig:** Ef ég næ að kalla fram bros hjá fólk þá má það taka upp símunn og kjósa. **Dans er:** Gleðigjafi.



**REBEL**

*Helga Ásta Ólafsdóttir*

**Aldur:** 21 árs.

**Staða:** Eigandi og kennari hjá Rebel Dance Studio og nemi við Háskóla Íslands.

**Reynsla af dansi:** Hef æft frá því að ég var 4 ára.

**Dansstíll:** Við erum alltaf með okkar Rebel-stíl, en á laugardaginn ætlum við blanda inni hann street-dansi.

**Uppáhaldsdansbíómynd:** Ætli það sé ekki bara Footloose.

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Klárlega Dirty Diana með Michael Jackson.

**Hví á fólk að kjósa okkur:** Þá mega allir koma í frían prufutíma í dansi hjá okkur eftir áramót.

**Dans er:** eitthvað sem allir ættu að prufa.



**STEVE LORENZ**

*Steve Lorenz*

**Aldur:** 31 árs.

**Staða:** Dansari í Íslenska dans-flokknum.

**Reynsla af dansi:** 10 ár.

**Dansstíll:** Nútímadans

**Uppáhaldsdansbíómynd:** Dirty Dancing og Footloose.

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Smooth Criminal með Michael Jackson.

**Hví á fólk að kjósa mig:** Fólk á að kjósa mig ef því finnst ég eiga það skilið.

**Dans er:** ómissandi í mínu lífi.



**MAGGI OG ANNA**

*Magnús Eðvald Halldórsson*

**Aldur:** Er 16 ára gamall.

**Staða:** Er dansandi Hörpuþjónn og er að læra upplýsinga- og fjölmiðlafræði við Tækniskólann í Reykjavík.

**Reynsla af dansi:** Er búinn að vera dansandi síðan ég var 7 ára eða í 9 ár.

**Dansstíll:** Samkvæmisdans.

**Uppáhaldsdansbíómynd:** Allan daginn Dirty Dancing.

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Call My Name með Cheryl.

**Hví á fólk að kjósa mig:** Vegna þess að ég ætla að nota peninginn til góðs.

**Dans er:** yndisleg uppfinning.



**SIGGI OG HANNA**  
*Sigurður Þór Sigurðsson.*

**Aldur:** 22 ára.

**Staða:** Verslunarstjóri í Boys í Smáralind.

**Reynsla af dansi:** Ótakmörkuð.

**Dansstíll:** Samkvæmisdans eða showdance.com.

**Uppáhaldsdansbíómynd:** Ég horfi svo lítið á sjónvarp en ef ég myndi gera dansmynd þá myndi hún heita „Til í einn trylltan?“

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** My first, my last, my everything með Barry White.

**Hví á fólk að kjósa okkur:** Því að við erum að fara langt út fyrir rammann og erum að leggja rosalega mikið á okkur enda erum við að gera hluti sem við erum ekki vön að gera. Við verðum líka með langflottustu atriðin. Við hina keppendurna segi ég: „Viljiði gefast upp núna?“ (hlær).

**Dans er:** lífstíll og með ví.

**TELMA OG JAVIER**

*Telma Sigurðardóttir*

**Aldur:** 20 ára.

**Staða:** Einhleyp.

**Reynsla af dansi:** Ég er búin að vera í dansi síðan ég var 6 ára, fara að verða komin 14 ár svo ég hef alveg ágæta reynslu í dansi.

**Dansstíll:** Samkvæmisdans.

**Uppáhaldsdansbíómynd:** Klárlega allar Fast & the Furious-myndirnar.

**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** In the summertime með Shaggy.

**Hví á fólk að kjósa mig:** Því við Javier erum klárlega með flottasta atriðið.

**Dans er:** Ég lífi, anda og borða dans, svo fyrir mér er dans allt.



**Jóla- og útskriftarkjólar**

**Dúkkuhúsið**

Kringlan ★ Vatnsstígur 3  
Sími 5170044









# Myndi frekar velja heilahimnubólgu *en nauðgunarkæru*

Síðastliðið ár hefur **Egill Einarsson** verið mikið á milli tannanna á fólki þó svo að hann sjálfur hafi lítið sem ekkert tjáð sig við fjölmiðla. **Monitor** spurði rithöfundinn, þáttagerðarmanninn og einkaþjálfarann **Gillz** um það hvaða áhrif atburðarás undanfarinna missera hafi haft á hann, hvort hann líti á sig sem fyrirmynd og hvers vegna fólk hafi svona miklar skoðanir á honum.





**P**að var í desemberbyrjun á síðasta ári sem allir miðlar landsins loguðu eftir að ung stúlka hafði lagt fram kærú á hendur Agli Einarssyni og kærustu hans þar sem stúlkan sakaði þau um kynferðisbrot gegn sér. Skömmu áður hafði Egill lokið við skrif sín á bókinni Heilræði

Gillz, tókum sjónvarpsþáttaröðarinnar Lífsleikni Gillz var einnig nýlökkið og þá hafði Egill staðið vaktina á föstudögum ásamt félagi sínum Auðuni Blöndal í útvarpsþættinum FM95BLÖ. Í kjölfar ákærunnar dró Egill sig úr sviðsljósinu. Á meðan rannsókn málsins stóð yfir hafði Egill hljótt um sig. Það var í raun ekki fyrr en um verslunarmannahelgina síðastliðna að Egill fór að láta að sér kveða á nýjan leik þegar hann var gestastjórnandi í FM95BLÖ. Að frátöldum einstaka yfirlýsingum hefur Egill ekki setið fyrir svörum í fjölmiðlum um nauðgunarmálið fyrr en nú.

**Texti:** Jón Ragnar Jónsson jonragnar@monitor.is  
**Myndir:** Styrmir Kári styrmirkari@mbl.is

### Nú situr þú fyrir svörum í opinberu viðtali í fyrsta sinn í ansi langan tíma. Hvernig er tilfinningin?

Hún er bara fin. Það vita allir að ég hef gengið í gegnum ömurlegasta ár ævi minnar og það er ekkert sérstaklega hressandi að rifja það upp. En góðu fréttirnar eru að það versta er að baki. Ég vona það.

### Eru ekki töluverðar líkur á því að þetta viðtal verði ansi umdeilt í þjóðfélaginu?

Afhverju ætti það að vera eitthvað umdeilt? Umdeilt meðal herra? Það er ákveðinn öfgahópur sem engu ræður sem vill svipta mig málfrelsinu. Ég gerði ekkert af mér, hef aldrei beitt manneskju ofbeldi á ævinni, er ekki ofbeldismaður, og því ætti að vera í góðu lagi að taka viðtal við mig.

### Ár er liðið síðan stúlkan lagði fram kærú á hendur þér. Hversu mikil áhrif hefur þetta haft á líf þitt?

Þetta hefur haft gríðarleg áhrif á líf mitt. Það er erfitt að lýsa því hvernig það er að vera sakaður um glæp sem maður framdi ekki, og svona hræðilegan glæp. Þegar svo við bætist að menn hafa viljað notfæra sér svo alvarlega ásökun og bæta í, rógi og viðbjóði, ofan á það, og við erum ekki bara að tala um einhverja fábjárna á umræðukerfi DV heldur líka stjórnmálamenn og annað áhrifafólk, þá geturðu rétt ímyndað þér hvernig það fer með mann. Þetta er bara verulega vont. Við erum að tala um margar andvökunætur og það var leiðinlegt að sofa með hnúti í maganum og vakna með sama hnúti. Ég hafði nú samt alltaf meiri áhyggjur af fjölskyldunni minni, hvernig þau höndluðu þennan skelfilega áburð. Þetta hafði mikil áhrif á móður mína til dæmis, hún tók þetta nærri sér. Fósturmamma Gurrýjar, unnustu minnar, lést í janúar og það var sérkennilega erfitt að fylgja henni til grafar í skugga nauðgunarkæru. Sko, það sem ég er að reyna að segja er að þetta litar líf manns, eiginlega setur skugga á allt sem maður gerir.

### Nafnið þitt var komið á forsíður blaðanna áður en nokkuð hafði gerst í málaferlunum. Vissir þú strax að þú myndir fljótlega sjá nafn þitt ritað eftir að stúlkan lagði fram kærú?

Ég er ekki það illa gefinn að hafa haldið að nafn mitt yrði ekki birt í fjölmiðlum eftir að þessar ásakanir komu fram, á tímum internets. Hvarflaði aldrei að mér annað. Enda eru óstaðfestar sögusagnir síst betra en það og þannig, í sjálfu sér var það allt í lagi mín vegna. Það var töluvert verra að lenda í því að vera dæmdur fyrirfram.

### Að sama skapi eru myndir af henni birtar á netmiðlum. Hvernig finnst þér frammistaða fjölmiðla í þessu máli, bæði í þinn garð og hennar?

Það er mér ekkert kappsmál að nafn hennar birtist, ég er ekki í hefndarhug gagnvart henni. Sumir virðast meta það þannig að refsing sé að vera nefndur í fjölmiðlum. Stundum. Ef maður kemur sér í kastljósið þá verður maður að setta sig við það að umfjöllunin er ekki alltaf sólskin og sleikpinnar. Það breytir ekki því að mér finnst fjölmiðlar hafa staðið sig hræðilega í þessu máli, nánast frá upphafi til enda, DV og Smugan sérstaklega. Ég ætla ekki svo mikið sem nefna rassgatið á því helvíti sem er kommentakerfi DV, sem er opið þegar hentar. Síðan eftir að málinu er lokið, þá eru sumir fjölmiðlar skíthreaddir um að tala um mig eða við mig útaf hræðslu við ákveðinn hóp. Mér finnst það aumt.

### Þú dróst þig umsvifalaust úr sviðsljósinu og önnur sjónvarpsþáttaröð þín var sett á ís og þá var hætt við

### Útgafu bókarinnar Heilræði Gillz. Finnst þér enn í dag að þessi hugarsmíði þín eigi að vera aðgengileg almenningi?

Þetta er góð spurning, finnst mér að hún eigi að vera aðgengileg almenningi? Nei, það finnst mér ekki, það ætti að brenna allar þessar bækur á báli og láta banna þær! Hvaða rugl er þetta? Það er nákvæmlega ekkert að þessum bókum. Ég lagði líf og sál í þessar bækur og er stoltur af þeim. Ég skrifa bækurnar til að létta fólk lundina og þeir sem hafa lesið þær eru mjög ánægðir. Öll hrópin og köllin snúast um 5-6 ára gamlar blogg-færslur sem voru of grófar og ég baðst afsökunar á. Það er nákvæmlega ekkert hægt að setja út á bækurnar, þar eru góðar ráðleggingar fyrir unga menn.

### Þáttaröðin Lífsleikni Gillz var sett saman í eina bíómynd sem sýna átti í bíó. Um síðustu helgi var aftur á móti tekin sú ákvörðun að fresta sýningu myndarinnar um óákveðinn tíma. Hvað kom upp á?

Ég bara veit það ekki. Auðvitað eru þetta vonbrigði og ég vona að þetta verði sýnt fljótlega. Þetta er hrikalega skemmtilegt efni, fólk mun grenja úr hlátri í bíó, það er klárt. En ég er ekki rétti maðurinn til að spyrja út í þetta.

### Er augnablikið núna horfið? Telur þú líklegt að myndin eða þættirnir verði einhvern tímann sýndir?

Ég veit ekki með eitthvert augnablik, og það er ekki á mínu valdi að stjórna því hvað verður en þetta er bara það fint efni að ég held að þetta virki hvenær sem er. Mannasiðir Gillz voru mjög vinsælir þættir, mér fannst þeir mjög vel heppnaðir og Lífsleikni Gillz er enn betri þannig að við sjáum hvað verður. Ef skýringin á þessu er minn mannröðsmisssir þá er þetta eiginlega frekar sorglegt.

### Hvarflaði það aldrei að þér að draga þig úr sviðsljósinu til lengri tíma?

Ég gerði það. Ég dró mig úr sviðsljósinu meðan þetta mál var í gangi. Af hverju ætti ég að draga mig úr sviðsljósinu til lengri tíma, ég er saklaus af þessum viðbjóði sem ég var sakaður um. Það kemur náttúrulega ekkert til greina að ég láti nokkra vitleysinga og rangar sakargiftir stjórna lífi mínu.

### Finnst þér þú vera góð fyrirmynd fyrir unga drengi á Íslandi?

Já, ég er fin fyrirmynd. Eða ég vona það. Hvað er fyrirmynd? Þeir sem eru alltaf að tónglast á að einhver sé vond fyrirmynd hafa örugglega frekar takmarkaða trú á ungu fólk. Ég veit að vinstrisinnar feministar eru ekkert sammála því að ég sé góð fyrirmynd. Mér finnst ólíklegt að það muni gerast að ungir strákar velji sér einhverjar lopahúfur sem fyrirmyndir. Er eitthvað að því að ungir strákar velji sér fyrirmynd sem er reyklaus, dóplaus, í góðu formi og neiti að láta valta yfir sig?

### Það er vitað mál að einhverjir drengir hlusta á það sem þú segir og taka mark á því. Hvað myndir þú vilja laga í þínu fari til að verða betri fyrirmynd fyrir þá?

Árin 2006 og 2007 þegar ég var að markaðssetja þennan Gillzenegger-karakter þá var hann of kjaftfor og grófur. Á þeim tíma fengu bara allir að heyra það í hans nafni, allir. Hægt væri að útskýra þetta sem aggressívt alter-egó. Ég skrifaði pistla á síðuna mína og lét bara vaða. Á þeim tíma var ég ekki að spá í hvort ég væri fyrirmynd hjá ungu fólk. Ég gat bara sagt það sem mér sýndist.

### Það er staðreynd að aðgangur að klámi verður alltaf auðveldari og þá verður klámið alltaf harðara og harðara. Er það ekkert áhyggjuefni fyrir ungu kynslóðina?

Nei, ég hef engar áhyggjur af því. Ungu kynslóðin hefur heila og getur bara sjálf sniðgengið efni sem ofbýður henni, hún þarf ekkert að láta einhverja klámpredikara velja fyrir sig. Það hafa, eru og verða alltaf uppi svona áhyggjur af ungu kynslóðinni. Sagði Hallgrímur sálugi Pétursson ekki „heimur versnandi fer“ árið sautjánhundrað og súrkál um unga fólk? Þessar áhyggjur af því að fólk hermi eftir öllu sem það sér eru þreytandi. Tölvuleikir eiga að gera menn ofbeldishneigða og rokkónlist á að hvetja til dópneyslu og sjálfsmorða. Ef þetta væri rétt þá væri

Það er ákveðinn öfgahópur sem engu ræður sem vill svipta mig málfrelsinu. Ég gerði ekkert af mér, hef aldrei beitt manneskju ofbeldi á ævinni, er ekki ofbeldismaður.

meirihluti Facebook-notenda orðinn bændur eftir að hafa ánetjast farmville.

### Kvöldið örlagaríka ferðu heim með töluvert yngri konu ásamt kærustunni þinni þar sem, samkvæmt þinni frásögn, þið sofið saman öll þrjú með samþykki allra. Vissulega átti slíkt ekki að rata í fjölmiðla en er slíkt kynlíf orðið eðlilegur hlutur í dag?

Hvað er „eðlilegt“? Kynfræðingar, sem er alls ekki það sama og kynjafraðingar, hafa bent á að í sumum samfélögum þyki eina eðlilega kynlífð vera það sem hefur æxlun í för með sér. Ég myndi segja að eðlilegt sé bara það sem fólk filar svo fremi sem allir þátttakendur eru samþykkir.

En stúlkan var inni á stað þar sem var 20 ára aldurstakmark og ég komst að því seinna að hún hafi verið 18 ára og það var ákveðið áfall, ég viðurkenni það.

### Myndir þú ráðleggja ungum drengjum að stunda slíkt?

Ég ráðlegg öllum að stunda það kynlíf sem þeim bara sýnist en þó með þeim fyrirvara að þeir séu vissir um að bólfélagarnir séu í lagi.

### Vegna þessa máls og ummæla þinna í gegnum tíðina eru margir einstaklingar sem telja þig ekki bera mikla virðingu fyrir konum. Ræði maður aftur á móti við fólk sem stendur þér næst fær maður allt önnur svör. Hvers vegna eru svona skiptar skoðanir?

Ég ber núll virðingu fyrir konum, þær eru annaðhvort bara til leiðinda eða skemmtileg leikföng og þeir sem þekkja mig vita að... Hvaða vitleysisspurning er þetta? Ég ber eins mikla virðingu fyrir þeim eins og þér og mér, og þeir sem þekkja mig vita það. Þú verður að athuga að ég hef til dæmis verið gagnrýndur fyrir að sýna konum virðingarleysi með því að tala um þær sem prinsessur. Það er alveg sama hvað ég segi, tiltekinn hópur mun alltaf túlka það sem virðingarleysi.

### Sumir segja að öllu gamni fylgi einhver alvara. Getur þú haldið því fram að þú hafir í gegnum tíðina bara verið að grínast þegar þú hafir sagt eitthvað sem ekki telst upphefjandi fyrir konur?

Ef fólk ætlar að taka öllu sem ég hef sagt alvarlega þá ætti það kannski að byrja að skoða það sem ég hef sagt um sjálfan mig og mína bestu vini. Sumt fólk bara skilur ekki humor. Þetta er bara ákveðin fötlun.

### Hafði fólk svona miklar skoðanir á þér áður en atvikið umdeilda átti sér stað?

Já, það er klárt. Ég var búinn að storka feminísum mér til gamans og það var og er eins og sumar þeirra fögnuðu þessari kærú, eins ósmekklegt og það hljómar.

## EGILL Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 130580

Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun: Þurfti að þjálfa Jón Gunnar Geirdal (Nonna Tattoo) þannig það var enginn valmöguleiki hvort ég nennti að vakna eða ekki.

Hjalti Úrsus eða Magnús Ver: Bæðir toppmenn.

Ronny Coleman eða Jay Cutler: Ronnie Coleman. Cutler er samt mjög góður félagi minn og góður drengur.

Það myndi vera sem ég hef séð á netinu: Two young-bloods með Kenny Powers og Shane Dog.

Æskuátrúnaðargóð: Jón Páll.







## Síðasta sem ég...

**Síðasta borg** sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Benidorm, fór þangað til að slaka á í sumar.

**Síðasti veitingastaður** sem ég borðaði á: Nana Tai hjá vini mínum Tómasi.

**Síðasti hlutur** sem ég keypti mér: Niðpröngar svartar gallabuxur hjá Vigni Andersen í Kúltúr.

**Síðasta bíómynd** sem ég horfði á: Con Air. Why couldn't you just put the bunny back in the box.

**Síðasta húsvverk** sem ég innti af hendi: Setti hillur inn í bókaskáp. Það var krefjandi verkefni en ég leysti það eins og fagmaður.

**Síðasta skipti** sem ég sagði einhverjum að mér þætti *vænt* um hann: Sagði það við Hjöbba í gær eftir að hann sagði mér að hann hefði áhyggjur af fituþrósentunni.





Drífa Snædal, sem hefur verið framarlega í femínistahreyfingunni, skifaði umsvifalaust grein undir yfirskriftinni „ég heimta opinbera ákæru“ án þess að geta mögulega vitað neitt um hvað hún var að tala. Þar dró hún fram þessa gömlu blogg færslu þar sem ég móðgaði nokkra femínista að hætti hússins eins og það kæmi þessu máli við. Og á þessari blogg færslu hafa femínistar hamast og ætti það að segja sína sögu um á hverju þetta allt byggist, það er umræðan eins og hún hefur þróast. Það var eins og kærar væri skotleyfi hvað þetta varðar og femínistar fóru í að ausa yfir mig skít, augljóslega í hefndarskyni og fáir þorðu að mótmæla því.

#### Hefur þú einhvern tímann séð eftir því að hafa talað misfallega um konur opinberlega?

Já, ég sá eftir þessari blogg færslu sem ég nefndi áðan. Ef það þarf að taka það fram að eitthvað sé grín, þá er það ekki grín. Ég var að leika mér með þetta alteregó, takmarkaða karlrembu sem lét allt vaða og meira að segja voru þessi skrif sérstaklega römmuð inn sem slík. Á bloggsíðu minni á þessum tíma var ég með óháða „fréttastofu“ – Fréttastofu Gillz. Þar fjallaði ég um hluti sem voru í gangi í samfélaginu og gerði grín að því. Í mínum huga gat ekki farið fram hjá nokkrum manni að þetta átti að vera grín. Mísheppnaður brandari því hann gekk alltof langt. Þess vegna var ég hugsi þegar ég baðst afsökunar á einhverju sem ég ekki meinti. En þetta var semsagt eitt föstudagskvöldið, þá sat ég heima með nokkrum félögum að sippa raut og við ákváðum að henda í eina grjótharða fréttastofu. Femínistar voru búnir að vera áberandi á þessum tíma og hugmyndin var að stríða þeim aðeins. Það átti ekki að geta farið á milli mála að þetta átti að vera grín. Ég er fyrstur manna til að viðurkenna að þetta var ekki fyndið, enda tók ég þetta út. Og ég sé mikið eftir þessu, enda það lang-grófasti sem ég hef og hafði gert. Það hefði verið hægt að gera þessa færslu fyndna án þess að nota þessu viðbjóðslegu orð sem koma þarna fyrir. En femínistarnir virðast bara ekki geta fyrirgefið þetta því það er stöðugt vísað í þetta í tengslum við þessa ömurlegu kæru eins og það komi málinu eitthvað við.

#### Myndir þú segja að vegna þessa máls hafi skilin á milli persónunnar Gillz og Egils Einarssonar orðið óskýrari?

Nei, þvert á móti þó óvildarmenn mínir vilji halda sig við það. Ég var að leika mér með að rugla með alteregó, karlrembu sem lætur allt vaða, karakter sem ég er að gera grín að miklu frekar en nokkuð annað. Það er ekkert gaman að þurfa að útskýra brandara en svona er þetta nú.

#### Þú hefur allan tímann haldið fram sakleysi þínu í þessu máli. Nú hefur þú lagt fram kæru á hendur stúlkunni og vinkonum hennar. Skiptir það þig miklu máli að það mál vinnist?

Já, ég væri ekki að þessu annars. Það er mikið áfall að verða fyrir svona áskökunum og í mínu tilviki setti þetta um tíma allt á hliðina hjá mér.

#### En ef lögreglan finnur ekki nógu miklar sannanir til að ákæra stúlkurnar. Ertu þá kominn aftur á byrjunarreit?

Nei. Ég get ekki séð það þannig að allt hangi á því hvað kemur út úr þessari rannsókn. Ég er ekki í neinum hefndarhug gangnvart þeim sem lögðu fram kæru á sínum tíma en í mínum huga blasir við að hún er á annarlegum forsendum. Engu að síður bind ég vonir við að lögreglan sjái að það er mikilvægt að fá formlega niðurstöðu út úr þessu. Gögn málsins æpa á meinsæri, en ég hef hvorki vilja né nennu til að fara í einhver smáatriði hér.

#### En að allt öðru. Í vor var myndin Svartur á leik sýnd í bíóhúsum landsins og fékk hún virkilega góð viðbrögð. Hvernig fannst þér að taka þátt í að gera svona flotta íslenska bíómynd?

Mér fannst allt ferlið hrikalega skemmtilegt, alveg frá því ég fékk fyrst handritið í hendurnar og var beðinn að kíkja í prufur. Það var mjög gaman að sjá hvað Íslendingar höfðu gaman af henni.

#### Fannst þér óþægilegt að hún skyldi vera í sýningu á meðan enn væri óljóst hvernig málaferlin færur?

Já, það var virkilega ömurlegt að mæta á frumsýningu og hafa þetta hangandi yfir sér.

#### Kom einhvern tímann til greina að klippa þig á einhvern hátt úr úr þeirri mynd vegna atviksins?

Nei, ekki veit ég til þess, enda einkennilegt að tengja þetta tvennt saman. Ég var og er saklaus og aðstandendur myndarinnar vita hvaða mann ég hef að geyma.

#### Einn mótaleikari þinna í myndinni, Jóhannes Haukur Jóhannesson, sagði þig búa yfir þeim náttúruháfileikum sem til þarf í kvikmyndum. Á að halda áfram á þessari braut?



/// Sjúkrabíll sótti mig svo heim og læknirinn sagði við mig að ef ég hefði komið fimm mínútum seinna á sjúkrahúsið þá væri ég dáinn.

## SMÁA LETRIÐ



### KVIKMYNDIR

**Myndin sem ég get horft á aftur og aftur:** Expendables 1 og 2.

**Myndin sem ég væli yfir:** Green Mile. Leiðinlegt að sjá John Coffey tekinn af lífi þar.

**Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir:** Ace Ventura 2.

**Uppáhaldsmyndin mín í æsku:** Neverending Story.

**Versta mynd sem ég hef séð:** Muriels Wedding. Ældi á mig þegar ég horfði á hana.



### TÓNLIST

**Lagið í upphaldi þessa stundina:** Shewolf með Guetta er að gera helling fyrir mig núna.

**Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina:** Rain Over Me með Marc Anthony og meistara Pitbull.

**Lagið sem ég fíla í laumi:** Power of Love með Celine Dion.

**Lagið sem ég syng í karóki:** Every breath you take með Police.

**Nostalgilagið:** Move your Ass með Scooter.



### FORM OG FÆÐI

**Uppáhaldsmatur:** Steik eða humar. Get ekki gert upp á milli.

**Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á:** Ég er alltaf að taka mig á. En kjúklingur, lax, eggjahvítur er tekið svöldið oft.

**Versti matur sem ég hef smakkað:** Froskalappir voru ekki að gera mikið fyrir mig.

**Líkamsræktin mín:** Lyfta þungt í bland við skrautæfingar. Ég er powerbuilder slash bodybuilder.

**Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum:** Það verður þegar ég tek 300 í réttstöðulyftu. Það styttist í það.


/// Öll hrópin og köllin snúast um 5-6 ára gamlar blogg færslur sem voru of grófar og ég baðst afsökunar á.



EINN HARÐASTI SKOTLEIKUR ÁRSINS!

# CALL OF DUTY BLACK OPS II

treyarch ACTIVISION



KOMINN  
ÚT!

VILTU  
VINNA  
EINTAK?



9. HVER  
VINNUR!  
FJÖLDI  
AUKAVINNINGA

SENDU **EST CB2** Í NÚMERIÐ **1900**. ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR  
MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ **EST A, B EÐA C** Á NÚMERIÐ **1900**  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

**GEGGJAFIR AUKAVINNINGAR!**  
TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.



\*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 24. nóvember 2012.  
Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið.  
Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu.  
Leik lýkur 23. nóvember 2012

EINFALDEGA LÆGRA VERÐ

Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115



Já, mér fannst mjög gaman að leika í þessu og finnst gaman að leika yfirhöfuð. Einnig finnst mér gaman að skrifa bækur og handrit að sjónvarpsþáttum og bíómyndum. Það er lúxus að geta unnið við það sem þér finnst skemmtilegt að gera og vonandi fæ ég tækifæri til að halda áfram í því í framtíðinni.

#### Sögur segja að þú hafir óhlýðnast leikstjóranum og verið ber að ofan í atriði þar sem þú áttir að vera á hlýraból. Fékkstu skammir í hattinn?

Já, ég var búinn að biðja Óskar leikstjóra um leyfi til að vera ber að ofan í tókunni þar sem ég og Tóti erum að kenna Stebba að lyfta. Óskar hugsaði sig um og sagðist ekki halda að það væri að virka. Ég reyndi að sannfæra hann að glæpamenn á þessum tíma hafi verið með „fetish“ fyrir að lyfta berir að ofan en hann var ekki að kaupa það. Ég náði síðan að lauma mér úr hlýrabólnum lúmskt og við vorum byrjaðir að taka upp atriðið þegar Óskar tók eftir þessu. Óskar er grjótharður Arsenal-maður og þeir voru nýbúnir að tapa leik þegar þetta var tekið upp, ég átti alveg eins von á því að hann væri illa fyrir kallaður og ég myndi fá að heyra það fyrir framan alla á settinu. En síðan sem betur fer fannst honum þetta bara koma vel út og það var ákveðið að halda því þannig. Ég var búinn að vera á kolvetnasveldi í nokkrar vikur og átti skilið að fá að rífa mig úr þarna. Það er bara þannig.

#### En þú varst einmitt ber að ofan á símaskránni. Först þú og fékkst þér lúmmiða til að líma á sjálfan þig?

Nei, en ég hef íhugað möguleikann á því að kæra ja.is fyrir ærumeiðingar. Ég tók þetta nærri mér. Það virðist ekki gilda á Íslandi að hver maður sé saklaus uns sekt sannast. Það er algjört einsdæmi að fyrirtæki sýni verktaka aðra eins lítillsvirðingu á opinberum vettvangi. En flott síðasta símaskrá og góð heildarhugmynd í næstu símaskrá, þær hafa fengið mikla athygli.

#### Þú tókst þátt í „Leynilöggutheilernum“ með Audda sem Hannes Þór Halldórsson gerði. Þið þrír skrifuðu svo handrit að slíkri mynd í fullri lengd. Megum við eiga von á henni í náinni framtíð?

Handritið að þeirri mynd er stórkostlegt og það er ljóst að sú mynd verður frábær. Það er líka gaman að gera eitthvað sem hefur ekki verið gert áður. Íslensk bíómynd í anda Tango&Cash, Die Hard og svo framvegis, þar sem grín og spennan sameinast, getur ekki klikkað. En það er langt ferli að framleiða bíómynd á Íslandi en vonandi þurfa Íslendingar ekki að biðja mjög lengi eftir þeirri mynd. Ég lofa veislu ef af verður.

#### Í sumar veiktist þú alvarlega. Hvað kom fyrir?

Ég fékk bráðaheilahimnubólgu. Þetta var mjög sérstakt. Ég var eins og nýr á föstudegi, fór út að borða og á smá-pöbbarölt og svo heim. Það var ekkert að mér þegar ég fór að sofa en síðan vaknaði ég með ólýsanlegan hausverk. Ég fékk mér nokkur rauðvinsglöskvöldið áður og hélt kannski að það hefði farið illa í mig. Klukkutíma síðar var hausverkurinn orðinn óbærilegur, ég kominn með yfir 40 stiga hita og farinn að kasta upp. Gurrý spurði hvort hún ætti að hringja á lækni en ég ákvað að vera harður og sagði „Ég er með hausverk, Gurrý, ég þarf ekki lækni útaf hausverk.“ Sem betur fer hlustaði hún ekki á mig því þegar læknirinn kom heim þá var ég nánast orðinn meðvitundarlaus. Sjúkrabíll sótti mig svo heim og læknirinn sagði við mig að ef ég hefði komið fimm mínútum seinna á sjúkrahúsið þá væri ég dáinn. Þetta var tæpt. Þetta gerðist á laugardegi. Ég var meðvitundarlaus á laugardeginum og sunnudeginum. Ég átti einmitt afmæli á sunnudeginum og það var sama dag og Manchester City tryggði sér dolluna á lokamínúttunni.

Það var frábær afmælisdagur. Ég man þegar ég rankaði við mér á mánudeginum og komst til meðvitundar þá sá ég að Gunnleifur mágur minn stóð yfir mér og fyrsta sem ég spurði hann var hverjir unnu ensku deildina. Þá kom hann með mesta skítaglött sem ég hef séð og þannig komst ég að því, en hann er grjótharður City-maður. En Gunnleifur er Bliki númer 2 í dag á eftir Blika númer 1, þannig að honum er fyrirgefð.

#### Telur þú líklegt að veikindin tengist álaginu vegna málsins?

Það er erfitt að segja. Læknirinn vildi meina að svona langvarandi streita geti veikt ónæmiskerfið, ég veit ekki hvort það spilaði inn í, í raun erfitt að segja til um það af eða á. Í það minnsta liggur fyrir að það hjálpaði ekki uppá sakirnar.

#### Eftir svona áfall, þar sem maður er nær dauða en lífi, lítur þú þá lífið öðrum augum? Endurmetur þú þín gildi?

Að fá heilahimnubólgu er hryllingur, þvílíkar kvalir, getur leitt til heilaskaða og ég var líka tæpur að missa máttinn vinstra megin í líkamanum. En ég get sagt þér að ég myndi frekar vilja fá aðra heilahimnubólgu en að ganga í gegnum svona nauðgunarkærumál aftur. En ég er bara þakklátur fyrir að hafa endað heill eftir þetta. Á spítalanum gat ég varla gengið 10 skref, þá var ég búinn á því. Það var mjög erfitt að sætta sig við það þar sem ég er vanur að æfa í 2-3 tíma á dag í mjög erfiðum æfingum. Ég er þakklátur fyrir að vera á lífi og þegar heilsan hefur horfið um stund þá kann maður að meta það að vera orðinn 100% aftur.

#### Um verslunarmannahelgina snerir þú svo aftur í útvarpsþáttinn FM95BLÖ. Fannstu fyrir mikilli pressu?

Nei, ég fann ekki fyrir neinni pressu, bara tilhökkun. Mér fannst bara gaman að geta mætt aftur í útvarpið

með Audda á föstudögum og flílast aðeins. Þetta eru vinsælir þættir og veisla fyrir fólk að geta stillt á tvo harða og látið þá keyra sig inn í helgina.

#### Ertu meira var um þig í útvarpinu núna í dag heldur en fyrir ári þegar þátturinn fór af stað?

Ég var ekki grófur í útvarpinu áður en ég var ranglega sakaður um þennan glæp. Það eru mörg ár síðan ég var að leika mér að því að hneyksla fólk. Núna er ég þarna bara til að skemmta mér og öðrum og er ekkert sérstaklega var um mig, nei.

#### Þú ert ennþá einkaþjálfari og hjálpar fjölda fólks að komast í betra form á hverjum degi. Hafa fréttirnar síðasta árið haft áhrif á þá starfsemi?

Þær höfðu áhrif á aðsóknina, já, og fyrir liggur mikið fjárhagstjón vegna þessarar rógsvélar sem fór af stað og notfærði sér til hins ýtrasta þessa kæru til að koma á mig höggi. Ótrúlega ósmekklegt. En það er alltaf jafn gaman að þjálfa og mér finnst hrikalega gaman að hjálpa fólki að ná markmiðum sínum í ræktinni.

**Ef maður kemur sér í kastljósið þá verður maður að sætta sig við það að umfjöllunin er ekki alltaf sólskin og sleikipinnar.**

#### Finnst þér það vera þín köllun að vera í ofur-formi og að koma öðrum í ofur-form?

Ég hef alltaf haft gaman af því að hjálpa fólki og vonandi gleðja. Svo finnst mér ekkert skemmtilegra en að æfa sjálfur, það er það skemmtilegasta sem ég geri. Það er mjög gaman að fá fólk í mælingu og sjá hvað það verður ánægð þegar það sér að það er á réttari leið að ná markmiðum sínum. Mjög gefandi.

#### Heldur þú að þú munir einhvern tímann ná sömu hæðum og vinsældum og þú náðir fyrir atvikið á síðasta ári?

Nei, ekki sömu heldur töluvert meiri. Það er af og frá að ég ætli að láta þetta brjóta mig niður.

#### Ög hvað sérð þú fyrir þér? Munt þú halda áfram að tala um samskipti kynjanna á léttu nótunum?

Að sjálfsögðu. Og ef ég hefði áhuga á að láta ritstýra mér myndi ég ekki velja Drífu Snædal.

#### Munum við sjá fleiri bækur og fleiri þætti?

Ég hef gaman af því að skrifa og ég mun halda því áfram. Hvað kemur út úr því er hins vegar ómögulegt að segja.

#### Hvar sérðu þig eftir 5 ár?

Ég verð ennþá með fjarþjálfunina þá og hún verður orðin enn vinsælli. Verð líklega að nýta frítíma í að skrifa metsölubækur á milli þess sem ég flýg af og til á leiki með United. Verð líklega orðinn sköllóttur og aðeins kjötmeiri en ég er í dag. Er ekki viss hvort það verði lítill Gillzari mættur þá, en planið var alltaf að eignast fyrsta barnið 39 ára eins og Matthew McConaughey. Hann er ekki með allt niðrum sig. Ég held að ég verði líka léttur, ljúfur og kátur eftir fimm ár. Maður verður að vera léttur. Ég legg inn á Loga Bergmann fyrir að fá að nota frasann.





SAMSUNG

Samsung GALAXY

ALLT ÞAÐ GÓÐA SEM JÓLIN  
HAFA UPP Á AÐ BJÓÐA!



GALAXY línan frá Samsung er snjallari en hún hefur nokkurn tímann verið áður!  
Allt frá ódýrum snjallsímum upp í ofursnjallar spjaldtölvur, þú getur verið viss um að finna  
eitthvað fyrir alla í Samsung Galaxy fjölskyldunni. Söluaðilar um land allt!





# Stelpan sem ungstirninn falla fyrir

Mikið hefur verið ritað og rætt um sambandslit ungstimanna **Justins Bieber** og **Selenu Gomez**, en hver er þessi skutla sem allir upprennandi gæjar í heimi stjarnanna renna hýru auga til?

## SELENA MARIE GOMEZ

Fædd: 22. júlí 1992.

Fæðingarstaður: Grand Prairie, Texas, Bandaríkjunum.

Rúmlega 35.533.000 „like“.

Rúmlega 13.161.000 „followers“.

## GAMLAR ÁSTIR GOMEZ

### Fyrsti kossinn

**Dylan Sprouse, um 2004**

Líklega kannast ekki margir við nafnið Dylan Sprouse héraðs en vestanhafs er hann, ásamt tvíburabróður sínum Cole, gömul Disney-barnastjarna sem í dag hefur náð tvítugu. Hjá okkur Íslendingum eru tvíburarnir líklega þekktastir fyrir að hafa leikið litla strákinn sem Adam Sandler þarf að passa í myndinni Big Daddy.

Það fór að vísu tvennum sögum um hvort Dylan og Selena hafi nokkum tímann verið eiginlegt par, en þau léku saman í þáttunum The Suite Life of Zack & Cody í kringum 12 ára aldur og hefur Gomez látið hafa eftir sér opinberlega að þau hafi deilt hennar fyrsta kossi.



## Hvers vegna er hún stjarna?

Héraðs er Selena Gomez líklega þekktust fyrir að vera kærasta Justins Bieber, eða sú fyrrverandi. Vestanhafs skín þó stjarna hennar mun skærar.

**S**ló í gegn sem Disney-barnastjarna. Hún fékk sitt fyrsta hlutverk 7 ára að aldri í þættinum um barngóðu risaeðluna Barney.



á mála hjá sama plötufyrirtæki um stund.

**H**efur gefið út lög á borð við Love You Like a Love Song með hljómsveit sinni, Selena Gomez & the Scene.

**E**r þekktust fyrir leik sinn í þáttunum Wizards of Waverly Place en fór jafnframt með hlutverk Mikayla, sem var aðalkeppinautur Hannah Montana í samnefndum þáttum.

**H**efur starfað á vegum meðal annars talsmaður herferðarinnar „Trick-or-Treat for UNICEF“ á hrekkjavöku árið 2008.


**L**ék lítið hlutverk í kvikmyndastöðvirkinu Spy Kids 3 um 10 ára aldur.



**Á**rið 2009 gaf hún út sína eigin fatafátinu, Dream Out Loud, í samstarfi við verslunarkerðjuna Kmart. Þá gaf hún út sitt fyrsta ilmvatn fyrir á þessu ári sem nefnist einfaldlega Selena Gomez.

**S**krifaði undir samning við Hollywood Records árið 2009. Til gamans má geta að The Charlies voru

**E**r sögð hafa fengið sendar morðhótanir frá æstum aðdáendum Justins Bieber þegar tilkynnt var um samband þeirra tveggja í ársbyrjun 2011.



### Féll fyrir varúlfinum

**Taylor Lautner, vorið 2009**

Í lok árs 2008 kom fyrsta Twilight-kvikmyndin út og allar unglingsstúlkur kolféllu fyrir vampírum og varúlfum. Selena Gomez var engin undantekning þar á því vorið eftir fóru Taylor Lautner, sem fer með eitt af aðalhlutverkum í myndaflokknum, og Selena Gomez að birtast hér og þar saman sem kærustupar. Sambandið varð þó ekki langlíft og var tilkynnt um sambandslit þeirra nokkrum mánuðum síðar.

### Bieber betri en Jonas-bróðir

**Nick Jonas, 2010**

Árið 2008 voru Jonas Brothers eitt aðalæðið í Bandaríkjunum. Selena Gomez varð svo lánsöm að landa hlutverki í tónlistarmyndbandi bræðragrúppunnar við lagið Burnin' Up, þar sem hún fór með hlutverk stelpannar sem Nick Jonas virtist hugfanginn af. Og viti menn, tveimur árum seinna felldu þau hugi saman og voru um stund flottasta ungstirnarnir í bransanum.

Sagan segir að í texta sínum við lagið Bang Bang hafi Selena Gomez beint orðum sínum að Nick þegar hún söng, lauslega þýtt yfir í íslensku: „Nýi kærastinn minn var áður fyrirsæta, hann er miklu sætari en þú.“ Á hún þá að sjálfsgöðu að hafa verið að vísa í hve margt Bieberinn hefði fram yfir Nick Jonas.



ÆTLI JÓNAS SÉ KALLAÐUR JÓNAS HYRNINGUR?



# K10005



*Bara það besta!*



„The bachelor party, the whole night. It...things got out of control and uh...we lost Doug.“ **Bradley Cooper, The Hangover (2009)**



## TÖLVULEIKUR



### 007 LEGENDS



**Tegund:** Skotleikur  
**PEGI merking:** 16+  
**Framleiðandi:** Activision  
**Dómar:** 3,5 af 10 – Gamespot  
 4,5 af 10 – IGN.com  
 3 af 10 – Eurogamer.net

## Legur... Lé Legur

Að spila James Bond-tölvuleiki síðustu árin hefur verið álíka skemmtilegt og að bryðja glerbrot, framleiðendur leikjanna ná ekki að fanga hinn eina sanna Bond-fíling og gæti maður allt eins verið hvaða „Jói á bolnum“ sem er, vopnaður haglabyssu, skjótandi á illmenni.



Í tilefni af 50 ára afmæli James Bond var ákveðið að hræra í nýjan Bond-leik og er útkoman James Bond Legends. Söguþráðurinn er hnoðaður saman úr hinum ýmsu Bondmyndum og fá leikmenn tækifæri til að spila í gegnum atriði úr myndum á borð við Goldfinger, Skyfall, Moonraker og fleiri. Leikurinn er fyrstu persónu skotleikur þar sem leikmenn vaða áfram og skjóta á allskyns illmenni. Í bland við skotbardagana geta leikmenn rífið upp fullkominn síma og notað hann til að leita að fingraförum, aftengja rafmagnsgræjur, opna lása og ýmislegt fleira. Sá hluti leiksins einkennist af míní-leikjum sem eru frekar einfaldir, en brjóta á sama tíma aðeins upp spilunina.

Spilunin er svo sem ágæt, en það vantar samt allan Bondfíling. Maður er ekki vanur því að Bond labbi bara áfram í gegnum heilu svæðin og drepi fleiri hundruð manns með vélbyssu og sé að leita að fingraförum þess á milli. Það vantar fleiri græjur og fjölbreyttari leiðir til að ganga frá óvinunum.

Fyrir utan söguþráðinn geta fjórir spilað leikinn saman í „split screen“ á einni tölvu sem er svalt og svo er hægt að fara á netið og spila við allt að 11 aðra leikmenn.

Graffikin í leiknum er í algjöru meðallagi og má þar nefna til dæmis að Bond stúlkurnar eru frekar ófríðar og hreyfa enga neðanbeltis skjálftamæla. Tónlistin er hinsvegar góð og í raun það eina sem kemur manni í Bond-fílinginn. Sama má segja um talsetningu, en allir helstu leikarar Bondmyndanna ljá persónunum raddir sínar.

Ég bið ennþá þess dags að gerður verði Bondleikur sem líkist Uncharted eða Metal Gear Solid-leikjunum, þar sem blandað er saman hasar, þrautum og flottum atriðum. En sú bið gæti orðið löng... mjög löng.



ÓLAFUR ÞÓR  
JÓELSSON



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

### Silver Linings Playbook

Bradley Cooper leikur hér mann að nafni Pat sem hefur tapað öllu: konunni, húsinu, bílnum og vinnunni. Eftir að hafa eytt átta mánuðum á stofnun fyrir fólk sem á við geðraskanir að stríða flytur hann heim til foreldra sinna, staðráðinn í að hefja nýtt líf. En hugmyndir Pats um sjálfan sig, lífið, tilveruna og framtíðina eru svo sérkennilegar að ekki einu sinni hann sjálfur botnar alltaf í þeim. Hann er til dæmis haldinn þeirri ranghugmynd

að hann geti unnið aftur ástir eiginkonu sinnar sem hefur fengið sett á hann nálgunarbann. Dag einn er Pat kynntur fyrir konu að nafni Tiffany en hún er á ekki ósvipaðri línu og hann sjálfur, jafnvel enn skrítnari ef eitthvað er. Á milli þeirra Pats og Tiffany þróast síðan stórsniðugt og sérstakt samband. Myndin er byggð á samnefndri bók eftir Matthew Quick sem kom út árið 2008 og náði miklum vinsældum.

**Leikstjóri:** David O. Russell  
**Aðahlutverk:** Bradley Cooper, Jennifer Lawrence og Robert De Niro.  
**Lengd:** 122 mínútur.  
**Aldurstakmark:** 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.



# VILTU VINNA MIÐA?

[facebook.com/monitorbladið](https://facebook.com/monitorbladið)



# MONITOR

## LUMAR ÞÚ Á GÓÐUM HUGMYNDUM?

...fyrir blaðið og MonitorTV

[monitor@monitor.is](mailto:monitor@monitor.is)



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

### Here Comes the Boom

Kevin James leikur menntaskólakennarann Scott Voss sem finnst eins og líf hans hafi staðnað að vissu leyti og að hann sjálfur sé í lausu lofti. Þegar skólayfirvöld tilkynna að framundan sé sársaukafullur niðurskurður í skólastarfinu kemst Scott að því að sá fyrsti sem verður látinn fara er besti vinur hans, Marty Strep (Henry Winkler), sem haldið hefur uppi tónlistarkennslu skólans. Við þetta getur

Scott ekki sætt sig og ákveður að gera sitt til að afla þess fjár sem vantar svo tónlistardeildin geti starfað áfram. Ekki líður á löngu uns hann dettur niður á hina fullkomnu lausn; að taka þátt í bardagakeppnum með frjálstri aðferð, en þeir sem ná langt í þeirri íþrótt geta víst þénað vel um leið. Vandamálið er að Scott kann bara ekkert að berjast.

**Leikstjóri:** Frank Coraci  
**Aðahlutverk:** Greg Germann, Salma Hayek, Henry Winkler, Melissa Peterman, Reggie Lee, Kevin James og Joe Rogan.  
**Lengd:** 105 mínútur.  
**Aldurstakmark:** 7 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó.





**KVIKMYND**

# Ben Affleck – what a man!


Eins og kom vel fram í úttekkt sem birtist um Ben Affleck í síðasta blaði Monitor þá hefur hann átt sínar góðu og slæmu stundir á ferlinum. Eitthvað virðist hann þó hafa lært á mistökum sínum því það verður að segjast að á síðustu misserum hefur hann átt mikilli velgengni að fagna, bæði í leikstjórnastólum og sem leikari.



Argo segir frá raunverulegum atburðum sem áttu sér stað árið 1980, þegar sex bandarískum diplómötum tókst að fela sig frá reiðum mótmælendum í kanadíska sendiráðinu í Íran. Til þess að bjarga þeim úr felum sendir leyningjónusta Bandaríkjanna útsendara (Affleck) þangað undir því yfirskini að hann sé að framleiða þar kvikmynd á meðan raunverulegur tilgangur verkefnisins er að smygla fólkinu heim.

Eins og í þeim fyrri kvikmyndum þar sem Affleck hefur vermt leikstjórnastólinn tefir hann fram mjög vönduðum og skemmtilegum hópi leikara sem allir hafa ákveðið „element“ fram að færa. Argo hefst á skemmtilegri og fræðandi sögukennslu um þróun mála í Íran frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar, og alveg frá fyrstu mínútu heldur hún áhorfendum límdum í sætinu. Spenna igerist svo þegar líður á myndina og á ákveðnum tímamarki reynist hún næstum óbærileg, svo gott er það. Það er þó ekki einungis spenna og drama sem auðkennir myndina heldur er hún einnig þrælfyndin og hnyttin á köflum, en fyrir það má helst þakka þeim Alan Arkin og John Goodman sem saman mynda dýnamískt gríndúó.

Ég ætla ekkert að draga úr hrifningu minni á Argo og finnst mér það mikið gleðiefni að sjá hversu vel Affleck hefur tekist til í leikstjórnastólum.



**HJÁLMAR KARLSSON**  
**ARGO**  
**MMMMM**



**Flytjandi:** Chief Keef  
**Útgáfufyrirtæki:** Interscope  
**Fæðingarár:** 1995  
**Plötur:** Finally Rich (kemur út 18. desember)  
**Lög:** "I Don't Like" & "Love Sosa"

**FYRRI VERK/MIXTEIP**

- Gefið út af hans eigin fyrirtæki, GBE
- Glory** (Júní 2011)
- Bang** (Október 2011)
- Back From Dead** (Mars 2012)
- For Greater Glory Vol. 1** (Maí 2012)
- For Greater Glory Vol. 2** (Október 2012)



# Næsti Amy Winehouse?



**TÓNLIST**  
**FREYR ÁRNASON**

*Chief Keef er ekki ýkja gamall en hefur þó unnið með mörgum stórum nöfnum og oft komist í kast við lögin*

Tónlistin gæti hugsanlega ekki verið ólíkari en viðhorfið til umheimsins virðist vera það sama. Chief Keef er 17 ára, frá Chicago, stýrir sínu eigin útgáfufyrirtæki og er með plötusamning við stærsta útgáfufyrirtæki í heimi. Staða sem margir gæfu allt fyrir að komast í og ennþá meira til að halda í. En ekki eru allir eins, hér eru nokkrar ástæður fyrir því að Chief Keef mun líklegast verða til vandræða í framtíðinni. En eins og þeir segja: „There is no business like show business,“ svo annaðhvort mun vandræðagangurinn margfalda vinsældir hans eða drepa þær í fæðingu.

**1** 16 ára gamall var hann handtekinn og dæmdur í stofufangelsi fyrir ólöglegan vopnaburð. Fanga-vistina tók hann út heima hjá ömmu sinni. Það var þá sem hann fór að deila lögum inn á Youtube sem endaði með því að lag hans, I Don't Like, varð geysivinsælt.

**2** Kanye West ákvað þá að remixa lagið og fékk til liðs við sig Big Sean, Pusha T og Jadakiss. Það varð ekki til að minnka vinsældir Chief Keefs. Hann brást hinsvegar illa við og sagði Kanye aðeins vera notfæra sér vinsældir sínar og neitar því staðfastlega að Kanye hafi gert nokkuð fyrir sig.

**3** Setti mynd af sér á Instagram þar sem ung stúlka er að veita honum munngælur. Einhverra hluta vegna var aðgangi hans lokað.

**4** Fyrir nokkrum dögum átti hann að mæta við tókur á tónlistarmyndbandi við eitt laga sinna. Á svæðið voru mættir 50 Cent og Wiz Khalifa sem eru í laginu en okkar maður ákvað að sitja frekar heima með heilt kvikmyndatökulið bíðandi við eyðimerkur Las Vegas.

**5** Rapparinn Lupe Fiasco gagnrýndi hann í útvarpsviðtali fyrir að vera talsmaður hárrar morðtíðni Chicago-borgar. Ekki lá okkar maður á svörum, heldur hótaði Lupe ofbeldi í gegnum Twitter í kjölfarið.

**6** Þegar hinn óþekkti rappari Lil JoJo sem hafði átt í útistöðum við einn vana Chiefs var skotinn til bana nýtti okkar maður tækifærið og gerði grín að dauða hans á Twitter. Ekki nóg með það að allt varð brjáláð heldur varð færslan til þess að lögreglan rannsakar nú tengingu hans við skotárásina.

**7** Hann er hugsanlega á leiðinni í steininn eftir að hafa brotið skilorð. Skilorðsbrotið er ekki heimskulegra en það að í nýlegu viðtali ákvað hann að skjóta úr byssu á skotæfingasvæði en eftir að hafa brotið lög um vopnaburð má hann ekki handleika vopn í tiltekinn tíma. Réttarhöld standa nú yfir.



**KANYE WEST**



**BIG SEAN**



**PUSHA T**



**JADAKISS**



**50 CENT**



**WIZ KHALIFA**



**LUPE FIASCO**



**LIL JOJO**



## TÓNLISTINN

Vikan 15. nóvember - 21. nóvember 2012

- 1** Ásgeir Trausti Dýrd í dauðabögn
- 2** Raggi Bjarna Dúettar
- 3** Retro Stefson Retro Stefson
- 4** Valdimar Um stund
- 5** Skálmöld Börm Loka
- 6** Of Monsters And Men My Head Is An Animal
- 7** Víkingur Heiðar/Kristinn Sigmunds Winterreise
- 8** Jónas Sigurðsson Þar sem himin ber við haf
- 9** Bjarni Arason Elvis Gospel
- 10** Sverrir Bergmann Fallið lauf

☑ Magni í huganum heim ☑ Úr kvikmynd Ávaxtakarfan ☑ One Direction Take Me Home ☑ Haukur Heiðar Á rómantískum nótum ☑ Friðrik Dór Vélrænn ☑ Todmobile Spiladós ☑ Ely Vilhjálm Heyr mína bæn ☑ Stuðmenn Astraltrerta ☑ Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson Stafnbúi ☑ Moses Hightower Önnur Mósebók ☑ Ellen Kristjánsdóttir Sönglög ☑ Todmobile 7 ☑ Sigurður Guðmundsson & Memfismafian Okkar menn í Havana ☑ Egill Ólafsson Vetur ☑ Úr leikriti Dýrin í Hálsaskógi ☑ Helgi Björns & reiðmenn vindanna Heim í heiðardalinn ☑ Nýðönsk 25 ára afmælistónleikar ☑ Mannakorn í blómabrekkunni ☑ Sigur Rós Valtari ☑ Úr leikritum Thorbjörn Egner: Gömlu góðu leikritin

\*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómlötuframléiðenda og inniheldur söluálag og síðastliðinn viku í verslunum Skífunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



## LAGALISTINN

Vikan 15. nóvember - 21. nóvember 2012

- 1** Ásgeir Trausti Dýrd í dauðabögn
  - 2** Adele Skyfall
  - 3** Retro Stefson Glow
  - 4** Valdimar Sýn
  - 5** Jónas Sigurðsson Hafíð er svart
  - 6** Rihanna Diamonds
  - 7** Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson Froðan
  - 8** Mumford & Sons I Will Wait
  - 9** Bruno Mars Locked Out Of Heaven
  - 10** Of Monsters And Men Mountain Sounds
- ☑ The Lumineers Ho Hay ☑ Robbie Williams Candy ☑ Muse Madness ☑ Philip Phillips Home ☑ Magni Augnablik ☑ Ásgeir Trausti Leyndarmál ☑ The Script / Will.i.am Hall Of Fame ☑ Imagine Dragons It's Time ☑ Lára Rúnars Beast ☑ Pink Try ☑ Maroon 5 One More Night ☑ Ellie Goulding Anything Could Happen ☑ Stuðmenn Af líkama og sál ☑ Olly Murs/Flo Rida Troublemaker ☑ David Guetta/SIA She Wolf ☑ Swedish House Mafia Don't You Worry Child ☑ Muse Follow Me ☑ Silversun Pickups The Pit ☑ Vaccines I Always Knew ☑ Lifehouse Between The Raindrops

\*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómlötuframléiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinn viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM957, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.





**HVAÐ ER TÍTT?**

Nafn: Guðrún Dís Emilsdóttir.  
 Á forsiðu: 24. nóvember 2011.  
 Fyrirsögn viðtals: Draumur að tala við Schwarzenegger.

Af mér og mínum er allt gott að fréttu. Þessa dagana les ég bækur og hlusta á nýja íslenska tónlist, svo er aðventan er á næsta leiti þannig að ég íða í skinninu að fara að skreyta og gera huggulegt í kringum mig. Ég er mikið jólabarn og því tel ég niður dagana til 1. desember en þá getum við Andri byrjað að spila jólatónlist í Virkum morgnum. Síðan ég var á forsiðu Monitor hefur margt gerst í mínu lífi, hef átt góðar stundir með fjölskyldu og vinum, ferðast um landið, starfað á Rás 2 og unnið að skemmtilegum sjónvarpsverkefnum. Ég gifti mig í lok sumars og fór í dásamlega brúðkaupsferð til Parísar. Framundan eru jólatónleikar, bakstur, jólaglög, góður matur og jólaball með stelpunni minni. Svo er það allt þetta hefðbundna eins og að pakka inn, skrifa kort og þrifa áður en klukkurnar hringja jólnin.



**LOL-MAIL MONITOR**

Sæll kvikmyndagerðarmaður  
 Fannar Sveins skoraði á þig. Jón  
 -----  
 Sæll vinur  
 Tveir félagar voru á skotveiðum út á landi þegar annar þeirra hnígur niður. Hann andar ekki og augun hans eru stjörf. Félagi hans hringir í Neyðarlínuna og segist halda að vinur sinn sé dauður. Konan í Neyðarlínunni svarar: „Gangtu fyrst úr skugga um að hann sé látinn“. Maðurinn fer úr símanum. Það er þögn og svo heyrir skothvellingur. Maðurinn kemur aftur í símann: „Ókei, hvað næst?“  
 Ég skora á Garðar Stefánsson, saltara og górluáhugamann.  
 Einlæg kveðja,  
 Rúnar Ingi

**LOKAPRÓFIÐ**

| 22. nóvember 2012 |  
 MONITOR skólinn

Ég heiti Hreimur Örn

Ef ég væri ekki Hreimur Örn Heimisson væri ég til í að vera

Þú veist hver ég er af því að ég er búinn að vera í landi og sonum, vinum sjónna og er samdi lífið er yndislegt!

Á dögunum sendi ég frá mér sólóplötu sem ber heitið Eftir langa bið en titillinn

- a) á vel við þar sem ég byrjaði að tæka upp plötuna árið 2004.
- b) kom til þegar ég var búinn að biða í 40 mínútur í röð fyrir utan Listasafnið á Airwaves 2010.
- c) hentar einkar vel þar sem langa er besti matur sem ég fæ.
- d) er minni!



Ég tók ákvörðun um að gefa út plötuna núna árið 2012

- a) árið 2004 því mér finnst svo gott að nota 8 ára í að vinna plötu.
- b) í fyrri þegar ég sat uppi á hóteliherbergi í Düsseldorf þegar við í Vinum Sjonna tókum þátt í Evróvisjón.
- c) um áramótin síðustu. Þetta var áramótaheitið mitt.
- d) (eu valkostur) er reyndes mjög snedigur.

Uppáhaldsvinur minn í vinum Sjonna er klárlega

- a) Gunní Óla eirk'ann
- b) Vignir Snær
- c) Pálmi Sigurhjartar dyrk'ann
- d) Matti Matt vil'ann
- e) Benni Brynleifs Lofryg'ann
- f) einfaldlega vegna þess að ég sakna hana á hverjum degi Dude & totally miss you

Það má segja að ég hafi á sínum tíma stolið frá sjálfum mér vegna þess að

- a) ég tók þá pening í leyfisleysi úr veski félaga míns en fattaði svo seinna að hann skuldaði mér sömu upphæð.
- b) Aljómamir í Ástarfár og Vöðvastæltur eru þeir sömu.
- c) ég samdi ljóð þegar ég var 8 ára sem ég svipar mjög til lagatexta sem ég samdi fyrir nýju plötuna mína.
- d) ég er alltaf með hálsmen sem ég gaf konunni í jólagjöf fyrir þremur árum.



Besta ákvörðun lífs míns var að

- a) halda með Liverpool og Fram í fótbolta.
- b) semja lagið Dreymir um konuna mína, Þorbjörgu Sif.
- c) velja Shooting Blanks sem „meiknafn“ Lands og sona.
- d) að líkjast Kurt Cobain alveg einstaklega mikið á sínum tíma því þá héldu margir í Bandaríkjunum að hann væri enn á lífi.

en samt fúelstíp erft!

- a) Mick Jagger, söngvari Rolling Stones
- b) Diego Armando Maradona, knattspynugóðsögn
- c) Felix Baumgartner, ofurhugi
- d) Rory Majkrup



af því að þá gæfi ég eitthvað í golfi!!!

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Hreimur Örn

Uppáhaldsþjóðhátíðarlagið mitt er

- a) Vinátta
- b) Brim og boðaföll
- c) Lífið er yndislegt
- d) Þú veist hvað ég meina mæ
- e)

en málið með þjóðhátíð er að ekkert er skemmtilegra HELL YEAH!

SATT OG ÓSATT

Ég kann illa við Sverri Bergmann eftir að hann söng þjóðhátíðarlagið síðasta sumar.

S 6 og hann gerði það vel

Ég er með útgáfutónleika í kvöld í Austurbæ.

S 0

Ég vona að enginn mæti á tónleikana.

S 0



**VEL GERT**

Helga Kristín Ingólfssdóttir  
 Helga er 16 ára nemi í MH. Hún er komin í undanúrslit í Dans



Dans Dans ásamt dansherra sínum, Birki Erni. Hún fer einnig með hlutverk skinku/vand-ræðaunglings í spennuþátunum Pressu og

þrátt fyrir ungan aldur stendur hún sig með þryði í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur.  
 Hróslari er Annalísa Hermannsdóttir



VALA KRISTÍN

**ÉG HEF ALDREI**

Séð Godfather-mynd, mér skilst að ég sé að missa af einhverri snilld. **1**

Skilið fyllilega reglur í fótbolta. Sérstaklega þetta með rangstöðuna, hún virðist alltaf breytast í hvert skipti sem ég spyr. **2**

Kosið. Einfaldlega vegna þess að ég veit sjaldnast um hvað málið snýst. Ég kem svolítið illa út úr því núna að hafa fengið ógeð á fréttum og sniðgengið þær mestallan menntaskóla. **3**

Verið lægsta manneskjan í hóp. **4**

Ekki elskað kaffi, og aldrei hefur það ekki elskað mig. **5**

Unað mér við lestur. Held ég hafi lesið í mesta lagi 7 skáldsögur síðan í grunnskóla. Ég kenni offramboði af afþreyingu um. Kannski kaffinu að kenna líka, blaðsíðurnar lesast ekki nógu hratt fyrir kaffimareneraða konuna. **6**

**SÍÐAST EN EKKI SÍST**

► Vigdís Perla Maack, menntaskólanemi, fílar:

**KVIKMYND:** Fyrsta sem mér dettur í hug er myndin Of mice and men, en það er held ég bara vegna þess að ég er svo spennit fyrir leikritinu sem sett verður upp í Borgarleikhúsinu. Ég elska Ólaf Darra og mig langar smá að verða hann þegar ég verð stór.



**ÞÁTTUR:** Ég er með ofnæmi fyrir dósahlátri á upptöku og því horfi ég lítið á þætti sem ég annars hefði gaman að.




**BÓK:** Ég hef lítinn tíma, athygli og þolinmæði til að lesa aðrar bækur en skólabækur, en Matarást er klassik.



**PLATA:** Tilvonandi eiginmenn mínir, Friðrik Dór og Ásgeir Trausti, eiga hlustirnar mínar þessa dagana, en platan Vampire Weekend með samnefndri hljómsveit er alltaf í miklu upphaldi.



**VEFSÍDA:** Það er ófrumlegt að segja Facebook, svo ég segi ja.is því að ég veit ekki hvar neinar götur eru í Kópavogi, Grafarvogi, Grafarholti, Hafnarfirði og hinum úthverfunum. Nýti mér ja.is-kortin óspart.



**STÁÐUR:** Í faðmi fjölskyldu og vina, södd og sæl að hlæja mjög mikið. Jú, ég hlakka til jólanna.





# VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



**YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Kynntu þér spennandi nám í háskóla í fremstu röð.

Umsóknarfrestur fyrir nám á vormisseri er til 30. nóvember.

Sótt er um á [www.hi.is](http://www.hi.is)



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**





ÍSLENSKA

# HAMBORGARAFABRIKKAN



## RÚDOLF

Rúdfolf er ómótstæðilegur hreindýraborgari af Héraði,  
blandaður apríkósum og gráðaosti.

Borinn fram með sultuðu kanilrauðkáli og eplasalati til hliðar.

Rúdfolf fæst einungis fram að jólum á meðan birgðir endast.



### JÓLAHÁDEGISTÓNLEIKAR FABRIKKUNNAR 2012

Mánudagur 3. des. kl. 12.00  
**Valdimar Guðmundsson**  
Þriðjudagur 4. des. kl. 12.00  
**Bjartmar Guðlaugsson**  
Miðvikudagur 5. des. kl. 12.00  
**Hreimur**  
Föstudagur 7. des. kl. 12.00  
**Elíza Newman**

Mánudagur 10. des. kl. 12.00  
**Magni**  
Þriðjudagur 11. des. kl. 12.00  
**Jet Black Joe**  
Miðvikudagur 12. des. kl. 12.00  
**Friðrik Dór**  
Fimmtudagur 13. des. kl. 12.00  
**Lára Rúnars**

Mánudagur 17. des. kl. 12.00  
**Magnús og Jóhann**  
Þriðjudagur 18. des. kl. 12.00  
**Myrra Rós**  
Miðvikudagur 19. des. kl. 12.00  
**Dórunn Antonía**  
Fimmtudagur 20. des. kl. 12.00  
**Sverrir Bergmann**  
Föstudagur 21. des. kl. 12.00  
**Jón Jónsson**

Bókaðu borð í tæka tíð í síma 5757575 eða á [fabrikkann@fabrikkann.is](mailto:fabrikkann@fabrikkann.is).

2010

